

Borgarráð 30.8.'18: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að umfang útvistunar sé kannað, þ.e. fjöldi starfsfólks o.fl. - R18060137

Lagt er til að umfang útvistunar hjá Reykjavíkurborg sé kannað, þ.e.a.s hver fjöldi starfsfólks er sem starfar m.a. við ræstingar, í mótuneytum og við akstursþjónustu eða annarskonar þjónustu í gegnum útboð, verktakasamninga og starfsmannaleigur. Einnig er lagt til að hið sama sé kannað á meðal starfa á vegum Reykjavíkurborgar innan um byggingarstarfsemi, gerð gatna og annarra samgöngumannvirkja. Hver er fjöldi þeirra sem starfar undir formerkjum útvistunar, verktakasamninga eða starfsmannaleiga í stofnunum og fyrirtækjum á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að? Hér er verið að biðja um tölulegar upplýsingar um fjölda starfsfólks.